

## Breytingartillögur

við frv. til l. um breyt. á l. nr. 57/1998, um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, með síðari breytingum.

Frá meiri hluta iðnaðarnefndar (HjÁ, SAÞ, KÓ, SKK, GÖrl).

1. Við 2. gr.
  - a. 5. efnismgr. falli brott.
  - b. Við bætist nýr stafliður, svohljóðandi: Skilgreiningin á „jarðefnum“ orðist svo:  
*Jarðefni* merkja í lögum þessum öll gosefni og önnur steinefni, steindir, málma, málmblendinga og málmsteindir, kol, jarðolíu, jarðgas og önnur nýtanleg efni sem finnast kunna í jörðu.
2. Við 18. gr. bætist tvær nýjar málsgreinar, svohljóðandi:  
Handhafi rannsóknar- og/eða nýtingarleyfis skal greiða gjald að fjárhæð allt að 500.000 kr. á ári til að standa straum af kostnaði eftirlits samkvæmt lögum þessum. Ef leyfi er gefið út eða leyfi rennur út á gjaldárinu skal árgjaldið ákvarðað í réttu hlutfalli við þann tíma sem það var í gildi á árinu. Eftirlitsgjaldið skal renna beint til Orkustofnunar og vera innheimt af henni. Aðför má gera til fullnustu kröfum um eftirlitsgjald án undangengins dóms, úrskurðar eða sáttar.  
Gjaldldagi eftirlitsgjalds er 1. febrúar ár hvert vegna síðasta almanaksárs.
3. 25. gr. falli brott.
4. Ákvæði til bráðabirgða III orðist svo:  
Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið :  
gildi er heimilt, að aðgættum öðrum lagaskilyrðum, að veita nýtingarleyfi þeim rann-  
sóknarleyfishöfum sem við gildistöku laga þessara hafa fengið útgefið rannsóknarleyfi  
með fyrirheit um forgang að nýtingarleyfi.  
Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið :  
gildi er heimilt að veita ný rannsóknarleyfi fyrir kostum í umhverfisflokkum a í fyrsta  
áfangi rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og þeim kostum í umhverfis-  
flokkum b sem ekki eru gerðar sérstakar athugasemdir við vegna umhverfisverðmæta.  
Þar til nýtingar- og verndaráætlun samkvæmt ákvæði til bráðabirgða IV hefur tekið :  
gildi er hvorki heimilt að veita ný leyfi til nýtingar sem ekki falla undir 1. mgr. þessa  
ákvæðis né ný leyfi til rannsóknar á kostum sem ekki falla undir 2. mgr. þessa ákvæðis,  
nema fyrir liggja rannsóknir og mat sambærilegt því sem liggur til grundvallar niðurstöð-  
um rammaáætlunar um nýtingu vatnsafls og jarðvarma og að fengnu samþykki Alþingis.  
Ákvæði 1.–3. mgr. taka ekki til leyfisveitinga vegna jarðefna, grunnvatns og jarðhita  
til annarra nota en raforkuvinnslu.  
Um skilyrði fyrir veitingu leyfa til rannsókna og/eða nýtingar sem sótt hefur verið  
um fyrir gildistöku laga þessara en hafa þá ekki verið afgreidd skal fara í samræmi við  
lög nr. 57/1998 með þeim breytingum sem leiðir af lögum þessum.
5. Við ákvæði til bráðabirgða IV. Í stað orðanna „verndar- og nýtingaráætlun“ í 1. málsl. :  
komi: nýtingar- og verndaráætlun. :